

Orkustofnun
jarðhitadeild

J A R ð H I T A L E I T
SUMARIÐ 1968

Mai 1969.

ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

J A R Ð H I T A L E I T

SUMARIÐ 1968

EFNISYFIRLIT

<u>Staður</u>	<u>Fnr.</u>	<u>Bls.</u>
Klofi, Landssveit	8735	5
Hvammur, Landssveit	8735	6
Hjallanes, Landssveit	8736	7
Línansholt, Landssveit	8736	8
Bjalli, Landssveit	8736	9
Kaldakinn, Holtum Rang	8738	10
Jaðar/Tungufell í Hrunamannahr.	8744	11
Haukholt í Hrunamannahreppi	8744	13
Laugar, HRUNAMANNAHR.	8801	15
	8741	15
Reykjadalur í Hrunamannahr.	8742	18
Bryðjuholt í Hrunamannahr.	8743	19
Kotlaugar, Hrunamannahr.	8809	20
	8743	20
Galtafell í Hrunamannahreppi	8740	23
Efra Langholt /Ásatún, Hrunam.hr.	8740	24
Syðra Langholt, Hrunamannahr.	8811	25
	8739	25
Birtingsholt, Hrunamannahr.	8810	26
	8739	26
Unnarholtskot, Hrunamannahr.	8739	27
— Frannes Skeiðum	8737	28
Fell, Biskupstungum	8745	29
Syðri Reykir, Biskupstungum	8745 <i>og 8813</i>	31
Laugarvatn, Laugardal	8832	32
	8814	32
Klausturhólar /Hallkelshólar,	8812	34
	8833	34
Grófargil í Skagarfirði	8211	37
	8746	37
	8747	37
Hólslaug, Eyjarfirði	8748	38
Laugaland í Kaupvangssveit	8831	39
	8748	39

<u>Staður</u>	<u>Fnr.</u>	<u>bls.</u>
Kelduhverfi, Skúlagarður-Framnes	6998	2
	8749	2
	8750	2
Skýrsla um viðnámsmælingar í		
borholum gerðar í sept. 1968		
1. Hóla við Stjörnuvíó		
2. Öndverðarnes Grímsnesi	8231	
	8574	
	8578	
3. Laugardælir-Porleifskot hola 3	8572	
4. " " " hola 4	(6469)	
	(8573)	
5. Blesastaðir, Skeiðum	7909	
	8130	
	8232	
	<u>8573</u>	
6. Húsatóftir Skeiðum	7133	
	7682	
	<u>8576</u>	
7. Miðfell Hrunamannahr.	8513	
	8500	
	8499	
	<u>8577</u>	

Skýrsla um jarðviðnámsmælingar við jarðhitaleit sumarið 1968. Samið hafa Freysteinn Sigurðsson (o.fl.).

Inngangur:

Skýrsla þessi fjallar um jarðhitaleit með viðnámsmælingum í sveitum sumarið 1968. Hún er með sama sniði og jarðhitaleitarskýrsla síðasta árs. Stofninn í henni, þ.e. úrvinnsla viðnámsmælinganna, er eftir Freystein Sigurðsson.

Aðrir, sem lagt hafa til efni í skýrsluna eða unnið að henni á annan hátt eru:

Sigurður Sveinsson (SS), Sveinbjörn Björnsson (Sv.B.), Kristján Sæmundsson (K.S.), Jón Jónsson (J.J.) gefa upphafstafir við greinar til kynna höfunda þeirra.

Í skýrslu um mælistaði er að vanda farin boðleið eftir hreppum vestur og norður um land.

Vinnuskýrsla (Fr.S.):

Verða hér fyrst taldir upp allir þeir staðir, sem mælt var á, hverjir voru forsvarsmenn mælinga á hverjum stað, og eru þeir jafnan einnig búandi þar, nema annars sé getið, hversu margar mælingar voru gerðar á hverjum stað, og er þá sleppt þeim mælingum, sem mistókust vegna bilunar í tækjum eða veðurs, hversu mörg "dagsverk" voru unnin á hverjum stað, og hversu margar stundir flokkurinn vann á hverjum stað (flokksstundir en ekki "mannsstundir", svo og, hvær unnið var á hverjum stað.

Heildaryfirlit yfir vinnu flokksins er að finna í skrá III, en nánar um vinnu við jarðhitaleit í skrá I. Nokkurs ósamræmis gætur milli skráanna, einkum hvað varðar vinnustundir við mælingar, en það veldur, að þær eru talðar með knappasta móti í skrá III, en öll vinna við og kringum mælingar í skrá I.

Ekki er annað sýna en afturför hafi orðið í vinnunýtingu en það er öfugþróun. Þar villir þó raunar nokkuð um, að verkefni hafa að öðru jöfnu orðið tímafreakari, því þeim auðveldari hefur fyrst og þá meira verið unnið að, enda menn verið ragari við að láta rannsaka hin torveldari. Einnig hefur mælibúnaður gengið nokkuð úr sér og það valdið meiri töfum. Fjöldi í vinnuflokknum hefur og sín áhrif. Ógerlegt hefur reynt að gera ástlanir til langs tíma, sem myndi þó geta bætt stórlega úr, sökum ófyrirsjáanlegra atvika, sem ekki er hægt að etla í um tímalengd, svo sem fjöldi nauðsynlegru mælingu, tafir o.fl.

Athugun var gerð í mælidagafjölda 1964-68 eftir árstíma og reyndist hann, eins og við var að búast, nokkuð svipaður frá 20. júní til 20. sept. Athyglisvert er þó að fyrsta þriðjung júlí og septembermánaðar hafa mælingar verið stopular, en það mun vera skipulagsleg nauðsyn vegna nær- liggjandi verkefna og leiðangra í fjarlægari héröð, svo og mannskípta.

SKRÁ I.

1. Staður	2. Forsvars- maður	3. Dags.	4. Fjöldi. mæling	5. Fjöldi. dagsv.	6. Fjöldi fl.st.
1. Kaldakinn í Holtum	Guðsteinn- Þorsteinss.	12.9	1	1/2	6
2. Lunansholt á Landi	Óðinn B. Jakobsson	11.9	1	1/4	4
3. Bjalli á Landi	Ingvar Arnason	11.9	1	1/4	4
4. Hjallanes á Landi	Magnús Kjartans- son	12.9	1	1/2	6
5. Hvammur á Landi	Eyjólfur Ágústs- son	11.9	32	1/2	8
6. Stóri-Klofi á Landi	Arni Arnason	13.9	1	1/2	7
7. Framnes á Skeiðum	Brynjólfur Mel- stað, Bólstað	17-18.9.	3	1	12
8. Unnarholts- kot, Hrunam.h.	Gísli Hjörleifs-	10.9	1	1/2	5
9. Syðra-Langholt Hrunam.h.	Sigmundur Sigurðs- son	28.8-9.9.	2	1	9
10. Birtingarholt Hrunamannahr.	Magnús Sigurðsson	2.9	1	1/2	4
11. Galtafell, Hrunam.hr.	Arni Ögmundsson	2.-3.9	2	1 1/2	12
12. Efra-Langholt og Ásatún Hruna- mannahrepp	Jóhann Einarss- son og Óskar Aðalsteinsson	10.9	1	1/2	5
13. Bryðjuholt, Hrunam.hr.	Eyjólfur Guðna- son	7.8	1	1/4	4
14. Reykjadalur, Hrunam.hr.	Hörður og Guð- mundur Einarss.	7.8	3	3/4	11
15. Laugar Hrunam.hr.	Magnús og Einar Einarssynir	5.8-10.9	4	1 1/4	13
16. Kotlaugar Hrunam.hr.	Sigurður Krist- mundsson	31.7., 2-3.8	5	1 1/2	23
17. Haukholt Hrunam.hr.	Oddleifur Þor- steinsson,	31.7	1	1/4	4

SKRA II.

	1964	1965	1966	1967	1968
Útgerðartími, tímabil:	11.6.-22.9	23.5.-27.9	6.6.-19.10	19.6.-21.9	24.6.-18.9
Dagar:	104 ¹⁾	127	136	95	88
Vinnudegar:	-	-	-	88	76
Mælingadagar:	46 ¹⁾	63	62	60	52
Mælinged. sem % af útg.t.	44	48	46	63	60
Unnar mannsstundir:	-	7.000	3.300	3.600	3.400
Þar af skýrslugerð:	-	500	500	500	450
% af annarri vinnu:	-	-	-	-	-
Mælingar:	65	46	53	53	48
Ferðir:	19	26	20	22	19
Annab:	16	28	27	25	33
Dýptarmælingar:	150	78	130	113	125
Borhólumælingar:	-	15	-	-	-
Lengdarmælingar:	-	36	19	14	-
km:	-	25 ¹ / ₂	5 ¹ / ₂	7	-
Segulmælingar:	-	50	45	23	-
km:	-	5 ¹ / ₂	3 ¹ / ₂	2 ¹ / ₂	-
Dýptarmælingar og gildi					
Peirra:	150	162	149	133	125
Dýptarmælingar á mældag	3,3 ¹⁾	2,6	2,4	2,2	2,4
"Manns-mælist. á mæl.	-	18 ¹ / ₂	11 ¹ / ₂	14 ¹ / ₂	12 ¹ / ₂

SKRA III.

Útgeðartími 1968:	24.6.-18.9.	Jarðhitala leit:	Tungnaðarkr:
2" dagar:	88		
Vinnudagar:	76	51	25
Mælingedagar:	52	30	22

		%	%
Skipting vinnutíma:			
Mannstundir:	3.410	100	1.100
Mælingar:	1.400	38	530
Ferðir:	560	15	210
Annað:	1.000	34	210
Skýrslur:	450	13	150
Fjöldi mælinga:	125 ²)		50 ²)

1) Á þessum tíma var einnig unnið að mælingu í svokallaðri "Sogslínu" og munu þeir mælingedagar ekki taldir með.

2) Misheppnaðar eða endurteknar mælingar eru ekki taldar með.

I flokknum voru þessir menn:

Freysteinn Sigurðsson
Sigurður Sveinsson
Mímir Arnórsson

Bifreið flokksins var eins og undanfarin sumur X-1313 og dugði hún vel sem fyrr.

KLOFI, LANDSVEIT

Niðurstöður (K.S.):

Jákvætt. Í Baðsheiði má telja víst, að fá megi a.m.k. 60°C heitt vatn úr borholu, sem boruð yrði niður í heitt grunnvatn. Dæla þyrfti vatninu úr borholunni. Miklar líkur á heitu vatni heima undir bæ í Klofa, á tiltölulega litlu dýpi.

Mælingar (F.S.):

Mælt var nálægt uppsprettu í læk, um 50 m NA af bæ. Mun þar hiti undir eða á nánad (20Ωm) en dýpi á lágviðnámi er 45-65 m og mun það mestallt hraun.

Önnur mæling, sem misheppnaðist, var gerð við fjárhús, 100-150 m NA af þeirri fyrri. Gæti þar verið hiti eða ylvatn í hrauninu sjálfu, en e.t.v. ekki undir því. Mælingar eru örðugar að Klofa vegna þykktar og viðnáms hraunsins, en ættu að öðru leyti að geta borið árangur.

Fylgiskjal:

1) Jarðsnið, Fnr. 8735

Jarðfræði (K.S.):

Jarðhiti er í Þjórsárhrauninu syðst í Baðsheiði ca. 1400-1700 m frá bæ í Klofa. Þar hafa mælt mest 53°C að sögn, en okkur mældist hitinn 48°C. Einungis gufu verður vart, sem leggur upp um glufur í hrauninu. Dýpi á jarðvatn er á að gizka 10 m. Grunur leikur á, að jarðhiti sé við læk og fjárhús í Klofa. Sagt er, að gufu leggi upp úr hrauninu við fjárhúsin og í hlöðu. Við urðum þessa þó eigi varir. Mikið vatn sprettur fram þarna hjá (segja má að þar séu upptök Skarðslækjar) þannig að grunnt mun vera á grunnvatnsborð, sem virðist kalt.

- 6 -

HVAMMUR, LANDSVEIT

RANGÁRVALLASÝSLU

Niðurstöður (K.S.):

Jákvætt. Úr ca. 15 m djúpri borholu (höggborsholu) niður í heitt grunnvatn í hrauninu um 700 m vestur frá bænum má örugglega fá heitt vatn, sennilega yfir 60°C. Vatninu þyrfti að ná upp með dælu. Mæling nær bænum sýndi engin jarðhitamerki.

Mælingar (F.S.):

Gerðar voru 2 mælingar; önnur við heyhlöðu um 700 m V af bæ og er þar hiti undir, á 25-35 m dýpi, og líklega mikill, en hin 250 m austar og nær Skarösfjalli og mun þar kalt. Hraun er í báðum mælingunum og mun þykkt þess 20-35 m.

Dýptarmælingar eru vænlegar til árangurs á hitastöðum í Hvammi.

Fylgiskjal:

- 1) Jarðsnið, Fnr. 8735

Jarðfræði (K.S.):

Jarðhitinn í Hvammi er dreifður um allstórt svæði úti í hrauninu (Þjórsárhrauni) vestur frá bænum. Hvergi sér þó í heitt vatn, en hiti er þar í glufum og gufu leggur upp. Skammt frá heyhlöðunni var grafinn brunnur fyrir ca. 40 árum og eru sagðar hafa mælt í honum yfir 60°C. Hætt var við brunngróftinn áður en vatnsborði var náð, en líkindi eru til að dýpi á það sé um 10 m. Hæð staðarins yfir sjó er um 100 m.

HJALLANES, LANDSVEIT

Niðurstöður (K.S.):

Miklar líkur á að fá megi heitt vatn (a.m.k. 50°C) með borun. Hins vegar þarf að dæla vatninu í húsin, sem standa ofar en borhola yrði boruð.

Mælingar (F.S.):

Mælt var á "jarðhitalínu", 25 m N við læk. Hiti er undir í nánd og mun hans gæta í mælingunni, en tæpast mun mikils hita von þar undir, sem mælt var. Þó gæti hiti verið undir, ef uppkomurás hans væri þröng (þ.e. hitar lítið út frá sér o.s.frv.). Fá mætti nánari upplýsingar með 4-6 dýptarmælingum.

Fylgiskjal:

- 1) Jarðsnið, Fnr. 8736

Jarðfræði (K.S.):

Jarðhiti er í læknum framan við bæinn í Hjallanesi (47°C og allmikið vatn). Vatnið kemur upp úr móhelluklöpp á sprungum með stefnu NA-SV og sér glögglega móta fyrir a.m.k. þrem samsíða sprungum í botni lækjarins á um 4-5 m breiðu belt. Dýpi á berggrunn (norðvestur hallandi Hreppamyndun) kann að vera allmikið á þessum stað. Út frá jarðfræði virðast miklar líkur til að borun geti heppnast, ef borað yrði á flötinni Hjallanes megin við lækinn (jarðhitinn er allur í landi Skammbeinsstaða) svo sem 60-80 m NA frá laugunum.

LÚNANSHOLT, LANDSVEIT

Niðurstöður (K.S., Sv.B.):

Nokkrar líkur á heitu vatni, en gera þyrfti frekari viðnámsmælingar til nánari könnunar jarðhitans. Nýtingarmöguleikar eru hins vegar litlir nema fyrir Lækjarbotna.

Mælingar (F.S.):

Mælt var við rúmlega 20°C heitar lindir norður undir Lækjarbotnum við norðurenda ylsvæðisins. Gæti verið yllur undir í nánd en dýpi á fast mun vera 5-15 m.

Fylgiskjal:

- 1) Jarðsnið, Fnr. 8736

Jarðfræði (K.S.):

Volgrusvæðið í Lúnansholti er um 1400 m norður frá bænum, en um 300 m SV frá Lækjarbotnum. Volgrurnar koma upp austan undir Holtsmúla - Hjallanes-holtinu, sem er úr interglasíölum Holtahraunum, og ná næstum því austur undir volgrurnar. Búðajökull hefur hlaðið mórenum upp að holtinu og sér greinilega móta fyrir 3 samhlíða jökulgörðum austan í því. Volgrurnar koma upp rétt vestan við þann austasta og má því búast við, að þar sé nokkurra m dýpi á fast berg (sennilega Hreppamyndun). Hitastig mældist okkur 21°C. Vatnsrennsli er allmikið, (þ.e. nokkrir l/sek) og miklar líkur á blöndun við kalt yfirborðsvatn.

BJALLI, LANDSVEIT

Niðurstöður (K.S.):

Neikvætt. Viðnámsmæling gaf engan jarðhita til kynna. Engin ástæða til frekari mælinga.

Mælingar (F.S.):

Mælt var skammt undan hraunbrún, um 150 m VNV af bæ og er þar ekki hitalegt. Dýpi niður úr lausum jarðlögum (og hrauni) gæti verið um eða yfir 20 m. Viðnám þar undir 200 m.

Fylgiskjal:

- 1) Jarðsnið, Fnr. 8736

Jarðfræði (K.S.):

Bærinn stendur vestan undir Þjórsárhrauni, þar sem það hefur runnið upp að Búðavöðunum austur af Holtsmúla-Hjallanes-holtinu. Fast berg er eigi upp úr annað en hraunið. Þykkt jarðgrunns mun vera allmikil, því að auk jökulurðanna er geysipykk móbella ofan á þeim og undir hrauninu. Undir jarðgrunni mun vera Hreppamyndun. Jarðhiti er enginn þarna svo vitað sé.

KALDAKINN, HOLTUM

RANGÁRVALLASÝSLU

Niðurstöður:

Neikvætt. Engar jarðhitalíkur fundust með mælingu.

Mælingar (F.S.):

Mælt var við 11°C heita vatnsuppsprettu úti í mýri, um 300 m A-NA af bæ. Er þar ekki hitalegt, en dýpi á fast e.t.v. um 8 m. Ekki þarf hér að vera um fast berg að ræða, þó viðnámið neðan 8 m dýpis gæti bent til þess, 220 m.

Fylgiskjal:

- 1) Jarðsnið, Fnr. 8738

Jarðfræði (K.S.):

Bærinn Kaldakinn stendur austanhallt í stærsta jökulgarði Búðavaðarinnar. Fast berg kemur upp úr í holtinu vestan bæjarins (milli Köldukinnar og Pulu) og er þar um interglasiölu Holta-hraunin að ræða, sem liggja óhöggðu ofan á Hreppamyndun. Að öllum líkindum er nokkuð djúpt á fast berg austan við bæinn undir mýrinni, en sennilega vantar interglasiölu hraunin þó þar. Mikill vatnsagi er á þessu svæði og kvað 11°C heita dýið skera sig úr um hitastig, þar sem önnur dý eru aðeins 4°C. Hiti var ekki kannaður á botni dýsins.

JADAR / TUNGUFELL Í HRUNAMANNAHREPPI

Niðurstöður (K.S.):

Viðnámsmælingar benda ekki til jarðhita, og því ekki að vænta árangurs. Trúlega fengist vatn með borun í jarðhitasprunguna, en vafasamt að það yrði svo heitt, að hægt væri að nýta það.

Mælingar (F.S.):

Gerðar voru 3 mælingar að Tungufelli. Voru þær allar staðsettar á, eða við, línu, sem lindir, 10-20°C heitar, koma upp á. Nær lína þessi ofan úr bæjargili (þ.e. mynni Kjalardals) hjá Tungufelli og a.m.k. suður í Hlíðarlag í Hlíðarlandi og er nærri því bein. Eru 3 aðaluppkomustaðir í Tungufellslandi og er sín mælingin á hverjum þeirra. D1 er við lindir í mýrarslakka sunnan við bæjargilið, D2 við lindir um 90 m norðan við Dalsá og D3 við lindir í mýrardragi um 200 m sunnan við D1.

Hvergi kemur fram lágviðnám í þessum mælingum, en botnviðnám þeirra er 200-400 Ωm. Eru á því tvær skýringar: Annars vegar, að hér sé ekki um meiri hita en um 20°C að ræða, og hins vegar, að jarðhiti sé fyrir hendi, en uppkomurás jarðhita sé mjög þröng og jafnvel meiri eða minni blöndun við kaldara vatn á efstu tugum metra rásardýpis. Virðist síðari skýringin að mörgu leyti sennilegri, en að sjálfsögðu þarfnast hún staðfestingar annarra rannsóknaraðferða.

Ekki eru líkur á árangri af frekari viðnámsmælingum.

Fylgiskjal:

- 1) Jarðsnið, Fnr. 8744.

Jarðfræði (K.S.):

Volgrurnar í Tungufelli og Jaðri (13-21°C) liggja á 1500 m langri línu, er nær úr mynni Kjalardals 500 m suðvestur fyrir Dalsá, þaðan er svo rúmur 1 km að volgrunum í Hlíð, en þær fylgja sömu línu. Lína þessi er misgengi og má fylgja því inn að Gullfossi (sbr. Þorl. Einarsson 1965). Munu volgrurnar í Gullfossgljúfrinu koma fram við þetta sama misgengi. Rannsóknarborhola, rúmlega 70 m djúp, hefur verið boruð í 235 m hæð um 1,5 km innan við Tungufell rétt við misgengið. Væri ástæða til að hitamæla þá holu (Bærinn Tungufell er í 140 m hæð). Berggrunnur á volgrusvæðinu er skv. Þorl. Einarssyni úr Brúarhlaðabreksíu, sem er elzti hluti Hreppamyndunar á því, sem hann kallar Tungufellssvæði, og er hann aðeins óverulega hulinn af jarðvegi og lausum jarðlögum. Brúarhlaðabreksíuna segir Þorl. allbreytilega að gerð: "Mest ber á túffi, sem víða gengur yfir í misgrófa gosbreksíu. Á stöku stað er nokkuð um bólstra í breksíunni, svo sem í ytri bakka Hvítár rétt framan túnsins í Brattholti. Einnig gætir víða basaltívafts (innskot) og basaltlaga (hraunlög?) í breksíunni". Þannig er móberg í mynni Kjalardals, en í botni Dalsár kemur fram þykkt hraunlag, sem hallar greinilega VNV. Í því sést glögglega að jarðhitinn er bundinn við sprungur. Jarðfræðilega eru allmiklar líkur á því að vatn fengist við borun í jarðhitasprunguna, en ólíklegt, að það yrði svo heitt að hægt væri að nýta það. (Sjá Þorl. Einarsson 1965: Greinargerð um jarðfræði Tungufellssvæðisins (til Orkudeildar)).

HAUKHOLT Í HRUNAMANNAHREPPI

Niðurstöður (K.S.):

Viðnámsmæling sýndi ekki merki um jarðhita. Jarðfræðilega eru lítil líkindi til, að borun beri árangur.

Mælingar (F.S.):

Gerð var 1 mæling að Haukholtum. Var sú skammt NV af bæ, um 10 m norðan við lind, sem nú er uppfyllt og þorrin. Er þar umlendis mikill slýgróður í skurðum og annað gróðurfar einnig með jarðhitalegu yfirbragði. Getur og verið, að lind þessi liggir á, eða við, sprungu eða misgengi, sem væri vestan við bæjarhól.

Ekki fannst þarna neitt lágviðnám, en þó fór viðnám lækandi niður á við (kom fram sem 20 m þykkt lag með lægra viðnámi) og gati það bent á einhvern jarðyl í þröngri uppkomurás. Slíkt yrði þó auðvitað einnig að kanna eftir öðrum leiðum.

Frekari viðnámsmælingar væru ekki líklegar til að bera árangur.

Fylgiskjal:

- 1) Jarðsnið, Fnr. 8744.

Jarðfræði (K.S.):

Jarðfræði Haukholtasvæðisins er ýtarlega lýst í skýrslu Birgis Jónssonar til Raforkudeildar: Jarðfræði Haukholtasvæðis við Hvíta (1969.) Berggrunnur á því svæði er úr Hreppamyndun og hallar henni nálægt 10° NV. Misgengi (A) liggur um Hvítárfarveg á alllögum kafla vestan við Haukholt og önnur tvö með svipaðri stefnu (NNA-SSV) rétt austan árinna. Jarðhitinn í Haukholtum kemur upp í misgengjunum, $10-18^{\circ}\text{C}$ hafa mælt í dýi heima undir bæ, en 31°C í laug niðri í Hvítárgljúfri, en dýpt þess er þarna um 50 m.

Þótt borað yrði í misgengið heima við bæ í Haukholtum,
virðast lítil líkindi til að vatn með þrýstingi fengist
upp úr þeirri holu. Um verulegan hita er þarna tæpast
að ræða.

LAUGAR, HRUNAMANNAHREPPI

Niðurstöður (K.S., Sv.B.):

Jákvæður árangur af viðnámsmælingum. Út frá jarðfræðinni og þeim jarðhitaummerkjum, sem fyrir eru á staðnum eru mikil líkindi til að borun heppnist. Sjálfrennsli í bæjarhús yrði þó tæpast um að ræða.

Mælingar (F.S.):

Gerðar voru 4 mælingar við og umhverfis bæ. Lægsta viðnámið mældist austan undir bæjarhólnum á um 10 m dýpi og var það undir 10Ω m. Uppi á bæjarhólnum (10-15 m hærra) er svipað dýpi á lágviðnám, en það sjálft allmiklu hærra. Um 100 m V við bæ er dýpið um 20 m og lágviðnámið um 15Ω m. Vissar líkur eru fyrir því, að viðnámið í hverahrúðri því, sem þarna er víðast undir, sé stórum mun hærra.

Í mælingu D3, uppi á bæjarhólnum, NA af bænum, kemur á rúmlega metersdýpi fram um 8 m þykkt lag með viðnám 1200Ω m. Dýpt þess gæti samsvarað hverahrúðri, sem sést í greftri við fjárhús NA af bæ, og í gilinu SA af bæ. Verður því að ætla allgóðar líkur á jarðhita þarna.

Á það er að líta, að nokkur hæðarmunur er á efra borði lágviðnámsins skvt. mælingunum. Hæst við bæ, 5 m lægra 40 m NA af bæ, en um 10 m lægra austan bæjarhóls og um 100 m vestur á túninu. Hryggur sá, sem Laugahver (í Reykjadalsslandi) er í liggur SV af bæjarhól, en sunnan undir hólnum koma upp ylvelgjur.

Landslag er fremur örðugt til mælinga á þessum stað, en þó má ætla, að fá mætti gagnlegar niðurstöður úr 3-6 dýptarmælingum í viðbót og jafnvel ylkannamælingum.

Fylgiskjöl:

- 1) Afstöðumynd, Fnr. 8801
- 2) Jarðsnið, Fnr. 8741

Jarðfræði (K.S.):

Auk Reykjadalshvers, sem er aðeins um 300 m sunnan við Laugar, verður jarðhita vart Lauga megin við Reykjadalslæk 100 m suður frá bænum (44°C í brunni), austan undir bæjarhólnum. Bærinn á Laugum stendur á hverahrúðursbreiðu, sem er sú langstærsta hér um slóðir, en hita verður ekki vart undir henni, nema ef velgjan austan undir bæjarhólnum sé aðrunnið vatn undan hrúðrinu. Loks er stór hverahrúðursbreiða ca. 300-400 m vestar en hverinn (vestan við Reykjadalslæk) en hiti er þar ekki. Berggrunnur í kringum Laugar er úr Hreppamyndun, sem hallar allmikið til NV. Mikil ummyndun, einkum zeolítaútfellingar og leir er í kringum jarðhitastaðina. Misgengi ganga þar í gegn með N-S stefnu og NA-SV stefnu. Virðist jarðhitinn vera tengdur þeim, þannig að auðvelt yrði að staðsetja borholu, sem vænleg yrði til árangurs. Hins vegar yrði holan trauðlega staðsett svo hátt að sjálfrennsli fengist í bæinn. (Þess má geta, að íbúðarhús er hrörlegt mjög og þarf að byggja nýtt innan tíðar).

REYKJADALUR Í HRUNAMANNAHREPPI

Niðurstöður (K.S.):

Nokkrar líkur á jarðhita út frá viðnámsmælingum. Þörf á fleiri dýptarmælingum og e.t.v. einnig lengdarmælingum (a.m.k. 2 dagsverk).

Mælingar (F.S.):

Að Reykjadal voru gerðar 3 mælingar: D1 vestan undir Vakás, norður af Reykjadal, um 20 m vestan vegar upp að Laugum; D2 við veg vestur yfir Kópavatnsás, um 30 m vestan við vegamót Reykjadals- og Laugavegar; D3 um 150 m suður af bæ. Tókust tvær fyrri mælingarnar vel en sú þriðja miður.

Í D1 er viðnám um 340Ω m, sem er nokkuð örugglega í föstu bergi (sbr. viðnámsgildi að Tungufelli), en neðar um 65Ω m. Í D2 er undir jarðvegi (líklega um 5 m þykkur) rúmlega 20 m þykkt lag með viðnám um 150Ω m, en þar undir er viðnám um 20Ω m. Til könnunar á því, hvort um seltu gæti verið að ræða, var mæling D3 gerð, og staðsett þar, sem meiri líkur væru á seltu en í D2. Kom þar á um 15 m dýpi fram viðnám um 55Ω m, en ekki er víst, hversu þykkt lag þetta er, né hvort um lag muni vera að ræða. Er viðnám þetta svo mun herra en í D2, að lítil ástæða er til að ætla seltu valda að lágviðnámi þar, sem einnig er fremur ósennilegt vegna staðháttá. Er því líklegast, að jarðhiti sé neðan 25 m dýpis við D2.

Hvað veldur viðnámunum 65 og 55Ω m í D1 og D3 liggur ekki ljóst fyrir. Lítið er vitað um eðlilegt bergviðnám í Hreppunum og veldur bæði, að berglög eru þar margvísleg og mælingar á örugglega köldum stöðum næsta fáar. Að Tungufelli, svo og í mælingu D1 að Reykjadal, og líklega einnig að Haukholtum, virðist viðnám vera 150 – 500Ω m og þó líklega helst á bilinu 200 – 400Ω m. Að Miðfelli var talið (skýrsla um jarðhitaleit sumarið 1967), að viðnám

í köldu bergi væri 60-110Ω m. Koma því einkum tvær skýringar til greina: Að í báðum mælingunum sé kalt berg með viðnám um 60Ω m, eða hitt, að í D3 séu sölt set og í D1 jafnvel einhver jarðylur. Er fyrri skýringin að mörgu leyti sennilegri, þó viðnámin séu líklega með lágsta móti.

Til frekari könnunar koma einkum til greina fleiri dýptarmælingar umhverfis ætlaðan hitastað (við D2), en ekki er hægt að segja, fyrr en að þeim loknum, hvort lengdarmælingar getu borið árangur. Viðnám er það lágt í D2, að ætla má töluverðan hita undir, eða nærlendis.

Fylgiskjöl:

- 1) Jarðsnið, Fnr. 8742

Jarðfræði (K.S.):

Jarðhiti er ekki í Reykjadal-landareign annar en sá, er áður var lýst í kaflanum um Laugar. Reykjadalur er í stríkstefnu frá Laugum og nær allhár holtrani úr Hreppamyndun frá Reykjadal og þangað inneftir. Vestan og sunnan undir holtinu er hins vegar flatlendi og munu vera þar þykk setlög. Bærinn sjálfur stendur sunnaní háum jökulgarði frá Búðastigi. Brotlína liggur frá Bryðjuholti með NA-stefnu mjög nærri Reykjadal. Ógerlegt er að staðsetja borholu út frá jarðfræðilegum líkum.

BRYÐJUHOLT Í HRUNAMANNAHREPPI

Niðurstöður (K.S.):

Nokkrar jarðhitalíkur, en frekari mælingar þyrfti til könnunar (ca. 2 dagsverk).

Mælingar (F.S.):

Gerð var 1 mæling og var sú ofanhallt við lindir, sem spretta upp sunnan undir hól þeim, er bærinn stendur á, og um 170 m austan við þjóðveg. Tókst mælingin miðlungi vel.

Á 1 1/2 m dýpi kemur fram lag, 35-40 m þykkt, og er viðnám þess um eða yfir 80 Ω m. Neðar virðist viðnám lækka og verður líklega 25-40 Ω m. Vegna staðhátta og dýpis lágviðnáms virðist ósennilegt, að sjávarset valdi lágviðnáminu. Kemur því þarna jarðylur til greina, svo fremi, sem ekki er um truflun í mælingu að ræða.

Jarðviðnámsmælingar mætti nota til könnunar umhverfis þennan stað, þótt landslagsaðstæður séu raunar fremur slæmar á bæjarhólnum.

Fylgiskjal:

- 1) Jarðsnið, Fnr. 8743

Jarðfræði (K.S.):

Jarðhita verður hvergi vart í landareigninni. Bærinn stendur vestan undir bröttum fjallsrana (úr Hreppamyndun). Djúpt skarð með stefnu NA, sem greinilega er misgengi að uppruna sker í gegnum fjallið hjá Bryðjuholti. Viðnámsmælingin var gerð sunnan við bæinn þar sem misgengið liggur í gegn.

KOTLAUGAR, HRUNAMANNAHREPPI

Niðurstöður (K.S.):

Jákvætt. Heppilegastur borstaður með tilliti til landamerkja og nýtingar væri á NA enda jarðhitalínunnar nálægt rústum Kotlauga hinna fornu.

Mælingar (F.S.):

Gerðar voru 4 mælingar, af þeim mistókt 1; og ylkannamælingar, en þær staðfestu mætavel hugboð bónda um högun jarðhita við yfirborð. Jarðhitinn mun allviðáttumikill og hrukku því mælingar skammt til að kanna hann. Ennfremur munu sjávarset víða undir og hætta á nokkurri seltu í þeim. Virðist hitasvæði liggja um Kotlaugahver og suðurenda holts austan þjóðvegur. Eru líklega nokkrar aðskildar uppkomur á þessari "línu", í landamerkjaskurði mældust á þessu svæði um og yfir 80°C með ylkanna.

Erfitt er að segja um þykkt lausra jarðlaga eftir gerðum mælingum, en á því svæði, sem mælt var á, gæti hún verið þetta 5-10 m, þótt sitthvað annað bendi til þess, að hún sé meiri. Mæld lágviðnám hafa að líkindum orsakast af jarðhita, en með frekari mælingum umhverfis mætti trúlega kanna, hversu ástatt sé um salt í þarverandi setlögum, svo og etv. þykkt þeirra.

Fylgiskjöl:

- 1) Afstöðumynd, Fnr. 8809
- 2) Jarðsnið, Fnr. 8743

Jarðfræði (K.S.):

Allmikið jarðhitasvæði er 200-300 m suður frá nýbýlinu Kotlaugum. Yfirborðshitinn liggur frá Kotlaugahver, sem er nálægt suðuhita í línu á suðurendanum á lágu holti rétt austan þjóðvegur. Jarðhitalínan er um 200-300 m löng og stefnir NA-SV. Berggrunnur og þar með holtið, sem fyrr var getið, er úr Hreppamyndun og ekki líklegt að dýpi á fast sé nema svo sem 5 m á jarðhitasvæðinu. Misgengi sést í

Kotlaugafjalli NA frá jarðhitnum og gæti það haldið
áfram suðvestur undir jarðhitann.

Heppilegastur borstaður með tilliti til landamerkja og
nýtingar væri á NA enda jarðhitalínunnar nálægt rústum
Kotlauga hinna fornu.

GALTAFELL Í HRUNAMANNAHREPPI

Niðurstöður (K.S., Sv.B.):

Óvissa ríkir í túlkun viðnámsmælinga, en litlar líkur virðast þó á nýtanlegum jarðhita.

Mælingar (F.S.):

Gerðar voru 2 mælingar. Var D1 við Þjóðveg, um 80 m SV af fjárhúsum vestur af Galtafelli, en D2 um 60 m NA af sömu húsum. Tókust báðar mælingarnar fremur vel. Mæling D4 að Miðfelli (frá '67) liggur 150-200 m vestur með Þjóðveginum frá D1.

Í báðum mælingunum kemur fram lægra viðnám á 15-20 m dýpi og raunar líklega þeim mun dýpra í D2 sem hún stendur hærra en D1. Er viðnám þetta 45Ω m í D1 en 90Ω m í D2. Ofan þess er viðnám um 150Ω m í D1 en um 300Ω m í D2. Í D4 Miðfelli, sem stendur nokkru lægra en D1 Galtafelli, eru 5-6 m ofan á lágviðnámslag með viðnám 25-30Ω m. Er því yfirborð þess lags 5-10 m hærra en lágviðnámslags í D1.

Í sundinu milli Miðfells og Galtafells, þar sem D4 Miðfelli er staðsett, má telja fullvíst, að sjávarlög séu undir. Liggur því næst að ætla, að lágviðnámið þar stafi af seltu í sjávarseti, einkum þar eð engra jarðhitamerkja verður þar vart á yfirborði. Eru og líkur á, að lágviðnámin að Galtafelli séu af sama uppruna og sé þá bunga sú, sem Galtafellstún liggur á, norðurendi marbakka þess, sem Guðmundur Kjartansson getur um í Árnésinga sögu (1943) vestan í Skarðsfjalli og norður fyrir Núpstún. Kæmi það og vel heim og saman við viðnámsskipan í mælingunum, svo og (kaldavermsla-) vatnsuppgang þann, er holklaki veldur á mælistöðunum. Verður því að telja ósennilegt, að þarna sé um jarðhita að ræða, en slíkt mætti líklega kanna til fulls með viðnámsmælingum á jarðfræðilega sambærilegum stöðum umhverfis.

Það eina, sem grunsamlegt er við þessa skýringu er, hversu djúpt lágviðnámslög þessi ná, eða a.m.k. 40-60 m í jörðu niður. Verður því að gera ráð fyrir mjög djúpu sundi milli Miðfells og Galtafells, verði sjávarlagsskýringin valin.

Athyglisvert er einnig við þessar mælingar, svo og mælingarnar að Miðfelli, að viðnám undir 30-40 m virðist ekki koma fyrir í hinum ætluðu sjávarlögum, fyrr en alllangt (1-200 m eða meir) frá hinni fyrrverandi strandlínu. Að sjálfsögðu eru þó athuganir of fáar til að setja megi þetta fram sem algilda reglu undir viðeigandi kringumstæðum.

Sem fyrr segir veru frekari mælingar líklegar til að skera úr um jarðhitalíkur, en þess virðist lítil þörf.

Fylgiskjal:

- 1) Jarðsnið, Fnr. 8740

Jarðfræði (K.S.):

Í sambandi við ofangreina lýsingu skal þess rétt getið, að nokkur smáholt koma upp úr mýrinni í sundinu milli Galtafells og Miðfells og eru þau úr Hreppamyndun. Lítil líkindi virðast því fyrir að mjög þykk sjávarset séu í sundinu.

EFRA LANGHOLT / ÁSATÚN, HRUNAMANNAHREPPI

Niðurstöður (Sv.B.):

Litlar líkur á nýtanlegum jarðhita.

Mælingar (F.S.):

Mælt var við gil um 350 m A við Ásatún, nærri velgju í gilinu. Kemur þar glögggt fram salt sjávarsetslag, 35 m þykkt, með viðnám um 15Ωm, en undir því hækkar viðnám-
ið upp fyrir 100Ωm og er því ekki von á hita þarna, og raunar tæplega þessum megin gilsins. Lágviðnámslagið kemur fram ofar en vatnsborð í gilinu, eins og setlagið, og getur því tæpast orsakast af jarðyl. Vestasta mælingin, sem gerð var sumarið 1967 vegna Miðfells er eigi alllangt frá nefndri volgru, austan Götukeldu. Í þeirri mælingu kemur eigi fram lágt viðnám í setlögum, sem þó ættu sízt að vera þynnri þar. Gæti því allt eins hér verið um jarðyl að ræða. Önnur merki um jarðhita en volgra í Götukeldu (14-15°C) finnast ekki í landareign þessara bæja.

Fylgiskjal:

- 1) Jarðsnið, Fnr. 8740

SYÐRA LANGHOLT, HRUNAMANNAHREPPI

Niðurstöður (Sv.B.):

Góðar líkur á nýtanlegum jarðhita.

Mælingar (F.S.):

Gerðar voru 2 mælingar: Önnur vestan í Langholtsásun og getur verið, að þar komi fram lágviðnám á um 50 m dýpi, svo og lag á 5 m dýpi með viðnám 35-40 Ωm; en hin mælingin var gerð austan undir ásunum, norður af bæ, og kemur þar lágt viðnám á um 25 m dýpi. Verður að telja allgóðar líkur á jarðhita á báðum stöðunum, eða í nánd við þá. Sjávarset gæti raunar verið í nánd á eystri staðnum, en myndi tæpast geta haft þetta mikil áhrif.

Fylgiskjöl:

- 1) Afstöðumynd, Fnr. 8811
- 2) Jarðsnið, Fnr. 8739

Jarðfræði (K.S.):

Mælistaðirnir eru hver sínu megin við Langholtsfjall sunnanvert. Volgra (14°C) er vestan í Langholtsfjalli þar sem fyrri mælingin var gerð. Hugsanlega liggur misgengi með NA-SV-stefnu yfir fjallið um volgruna. Síðari mælingin var gerð niðri á sléttu austan undir fjallinu við misgengi, sem liggur yfir það með NNA-SSV-stefnu. Einskis jarðhita verður vart á þeim stað. Nýtingarmöguleikar eru nokkrir ef hiti fengist við volgruna bæði fyrir Syðra Langholt og Unnarholtskot. Sjálfrennsli fengist heim á báða bæina.

BIRTINGAHOLT, HRUNAMANNAHREPPI

Niðurstöður (Sv.B.):

Nokkrar líkur á jarðhita. Gera þyrfti 2-6 frekari mælingar umhverfis bæ til þess að fá úr málinu skorið.

Mælingar (F.S.):

Gerð var 1 mæling; var sú á túnflöt, um 100 m austur af bæ og um 50 m norður af kartöflugeymslu. Tókst mælingin fremur vel.

Á 7-8 m dýpi kemur fram lag með viðnám 30-35 Ω m og er þykkt þess a.m.k. 30 m, en getur einnig verið "botnlaust".

